



Stefna Knattspyrnufélagsins Ægis í eineltismálum

Einelti

Einelti er endurtekin, ótilhlýðileg og ámælisverð háttsemi, það er athöfn eða hegðun sem er til þess fallin að niðurlægja, gera lítið úr, móðga, særa, mismuna eða ógna og valda vanlíðan hjá þeim sem hún beinist að.

Kynferðisleg áreitni og annað endurtekið andlegt, líkamlegt eða stafrænt ofbeldi fellur undir einelti. Hér er ekki átt við eðlilegan skoðanaágreining eða hagsmunaaðrekstra sem geta komið upp í íþrótt- og æskulýðsstarfi.

Einelti getur þrífist alls staðar þar sem samskipti eiga sér stað, óháð aldri, stöðu, búsetu, vitsmuna þroska, efnahag eða félagslegum aðstæðum. Einelti getur því komið upp meðal barna, ungmenna og fullorðinna. Birtingarmyndir eineltis geta verið andlegar, líkamlegar og/eða stafrænar.

Forvarnir og ábyrgð allra innan Ægis

Knattspyrnufélagið Ægir leggur ríka áherslu á að koma í veg fyrir einelti og hvetur alla sem koma að starfi félagsins – iðkendur, foreldra, þjálfara, stjórnarmenn og sjálfboðaliða – til að:

- Taka ekki þátt í einelti.
- Biðja geranda að setja sig í spor þess sem verður fyrir eineltinu.
- Sýna þeim sem verður fyrir einelti stuðning, ganga til liðs við viðkomandi og mótmæla slíkri framkomu.
- Koma fram við aðra eins og við viljum að komið sé fram við okkur sjálf.
- **Vera meðvituð um að aðgerðarleysi gagnvart einelti getur verið túlkað sem samþykki.**
- Muna að enginn stendur einn. Þeir sem verða fyrir einelti eru hvattir til að leita sér stuðnings hjá einstaklingi sem þeir treysta, svo sem vini, foreldri, þjálfara eða öðrum fullorðnum innan félagsins.

Hvernig er brugðist við tilkynningum um samskiptavanda eða einelti

Ábyrgðaraðilar innan Knattspyrnufélagsins Ægis skulu leitast við að bregðast við tilkynningum um samskiptavanda eða einelti eins fljótt og kostur er og leysa málið á uppbyggilegan hátt.

Við fyrstu viðbrögð skal meðal annars:

- Ræða við málsaðila og gefa öllum færi á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.
- Leita að rót vandans og útskýra mál með samtali.
- Fara yfir hegðun og samskipti innan þess hóps sem málið snýr að.



- Veita fræðslu um æskileg samskipti eftir því sem við á.
- Vinna markvisst að bættum samskiptum og jákvæðri menningu innan hópsins.
- Leita eftir leiðbeiningum hjá samskiptaráðgjafa íþrótta- og æskulýðsstarfs ef þörf krefur.

Tilkynningar um einelti

Öllum er heimilt að tilkynna um einelti. Allar tilkynningar skulu teknar alvarlega.

1. Berist stjórn félagsins eða öðrum ábyrgðaraðilum tilkynning um einelti sem ekki hefur tekist að leysa innan félagsins, skal senda málið áfram til samskiptaráðgjafa íþrótta- og æskulýðsstarfs.
2. Iðkendur og forsjáraðilar geta einnig sjálfir sent tilkynningu beint til samskiptaráðgjafa.
3. Æskilegt er að styðjast við formlegt tilkynningaform vegna eineltismála þegar slíkt á við.
4. Samskiptaráðgjafi tekur við málinu og aflar nauðsynlegra upplýsinga frá hlutaðeigandi aðilum. Upplýsingaöflun skal ekki vera umfangsmeiri en nauðsynlegt er.
5. Ef málið varðar börn skulu forsjáraðilar þeirra upplýstir um tilkynninguna.
6. Samskiptaráðgjafi upplýsir félagið og málsaðila um niðurstöðu könnunar og veitir leiðbeiningar um næstu skref.
7. Ábyrgðaraðilar innan Ægis fylgjast með málinu og eru vakandi fyrir því hvort einelti taki sig upp að nýju.
8. Samskiptaráðgjafi fylgist með framgangi málsins eftir þörfum og metur hvort grípa þurfi aftur til aðgerða.
9. Þegar máli er lokið skulu allir málsaðilar upplýstir.

Atriði sem hafa þarf í huga við vinnslu eineltismála

Við meðferð eineltismála leggur Knattspyrnufélagið Ægir áherslu á eftirfarandi:

- Tryggja öryggi þolanda.
- Hafa samráð við samskiptaráðgjafa og grípa til nauðsynlegra ráðstafana varðandi iðkunar- og vinnutilhögun þeirra sem málið varðar.
- Leitast við að ná sáttum um vinnutilhögun á meðan mál er til rannsóknar, eftir því sem við á.
- Leggja áherslu á jákvæð samskipti og gagnkvæma virðingu allra aðila.
- Tryggja að allir aðilar máls fái stuðning og aðstoð við að vinna úr málinu.
- Meta hvort þörf sé á almennu starfi með menningu og samskiptum innan hópsins.
- Viðhalda góðu samstarfi við forsjáraðila og halda þeim upplýstum um framgang máls.



- Meta hvort vandinn tengist íþrótt- og æskulýðsstarfi Ægis eða eigi rætur að rekja til annarra vettvanga, svo sem skóla eða félagslífs utan félagsins.

Viðbragðsáætlun

Knattspyrnufélagið Ægir fylgir viðbragðsáætlun íþrótt- og æskulýðsstarfs vegna ofbeldis, eineltis, slysa og annarra atvika sem kunna að koma upp í starfi félagsins.